

Reglur fyrir ritgerðir/verkefni

Frágangur verkefna við Félagsráðgjafardeild:

Nemendum ber að skila verkefnum samkvæmt þeirri forskrift sem gefin er upp í námskeiðinu Akademísk vinnubrögð í félagsráðgjöf á 1. ári.

Tekið skal mið af Gagnfræðakveri handa háskólanemum við frágang verkefna í Félagsráðgjafardeild að öllu leyti hvað varðar uppsetningu **NEMA** nota skal Calibri letur 12pt. Við heimildaskráningu skal nota heimildakerfið APA 6 (íslenska aðlögun) sjá upplýsingar á leiðbeiningavef Ritvers Menntavísindasviðs <https://skrif.hi.is/ritver/>

Til áminningar:

Öll verkefni eiga að vera með blaðsíðutali, neðst fyrir miðju.

Ávallt skal nota íslenskar gæsalappir.

Tölur frá 1-10 á að skrifa með bókstöfum (t.d. fjórir), nema þegar um tölfræði er að ræða.

Skammstafanir skal nota í algjöru lágmarki eða sleppa þeim.

Koma skal í veg fyrir innsláttarvillur og slæmt orðalag með gagnrýnum yfirlestri.

Forsíða á að vera á öllum verkefnum, nema annað sé tekið fram. Ákveðnar upplýsingar eiga að koma þar fram og á ákveðnum stað.

Samkvæmt samþykkt deildar er kennurum ekki heimilt að afhenda nemendum verkefni/ritgerð að lokinni endurgjöf nema til sé rafrænt eintak verkefnis. Ákvörðun um slíkt er þó háð hverjum kennara fyrir sig.

Leiðbeiningar um verkefnaskil í Uglu:

Verkefnum/ritgerðum er ýmist skilað útprentuðum, í tölvupósti eða í Uglu - allt samkvæmt ákvörðun kennara hverju sinni. Verkefnum sem skilað er í Uglu er skilað á vef "Verkefni/Hlutapróf". Verkefni sem skilað er á verkefnavef í Uglu er aðeins aðgengilegt nemanda og kennara en ekki öðrum nemendum námskeiðs. Til að skila verkefnum rafrænt þarf að fylgja eftirfarandi skrefum:

1. Nemandi skráir sig inn á Uglu og velur það námskeið sem um ræðir.
2. Nemandi velur flipa með heitinu "Verkefni/Hlutapróf".
3. Nemandi velur þar inni viðeigandi verkefni.
4. Nú birtast skilaboð frá kennara og til að skila verkefni til kennara velur nemandi "Svara" og hengir verkefnið við.